

Föstudaginn 14. júní 1935.

Nr. 137/1934. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Stefáni Thorarensen (Lárus Fjeldsted).

Sýknum af ákæru um brot á lögum nr. 47/1932 og 84/1933.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 17. maí 1934: Kærði, Stefán Thorarensen, greiði 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 10 daga í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hann greiði og allan kostnað sakarinnar þar á meðal 100 krónur í málsvarnarlaun til verjanda síns, Gústavs A. Sveinssonar, hrm.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með því að barnalýsi það, er í þessu máli greinir, er almenn verzlunarvara hér á landi, og með því að auglýsing kærða um fjörefnainnihald þess felur í sér greinargerð um næringarefni þess og ekki er ástæða til að telja þá greinargerð ranga, þá verður ekki talið, að kærði hafi brotið gildandi lög með auglýsingu á lýsinu út af fyrir sig.

Það hefir ekki komið fram við rannsókn á smjörliki frá verksmiðju kærandsins í máli þessu, að það innihaldi D-fjörefni, enda hefir kærandinn neitað að gefa nokkrar upplýsingar í málinu um rannsókn á því, er hann kveðst hafa látið fara fram. Það er því ekki sannað, að kærði hafi á nokkurn hátt skýrt rangt frá um fjörefnisinnihald smjörlikis þessa, og verður því ekki heldur talið, að hann hafi gerzt brotlegur við lög að þessu leyti.

Samkvæmt þessu verður að sýkna kærða í máli þessu og dæma ríkissjóð til að greiða allan kostnað

þess, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með taldar 100 krónur skipuðum talsmanni kærða í málsvarnarlaun og málf lutningslaun til skipaðs sækjanda og verjanda málsins fyrir hæstarétti, 150 krónur til hvors.

Dráttur sá, er orðið hefir á málinu af hálfu verjanda fyrir hæstarétti, hefir verið nægilega réttlættur.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Stefán Thorarensen, á að vera sýkn af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr rikissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, cand. jur. Gústafs A. Sveinssonar, 100 krónur, og málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálf lutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Lárusar Fjeldsted, 150 krónur til hvors.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Stefáni Thorarensen, lyfsala, Sóleyjargötu 11, hér í bænum, fyrir brot gegn lögum nr. 47, 1932, um lækningarleyfi o. fl. og lögum nr. 84, 1933, um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum, og eru málavextir þeir, er nú skal greina.

Hinn 26. nóvember s. l. var svo hljóðandi auglýsing í Morgunblaðinu, sem gefið er út hér í bænum:

„Farið engar krókaleiðir. Ein barnaskeið af hinu viðurkennda barnalýsi, sem fæst í Laugavegsapóteki inniheldur jafnmikið af A fjörefnaeiningum og 10 pund af fjörefnasmjörliki.

Auk þess 5000 D fjörefnaeiningar, sem ekki finnast í fjörefnasmjörliki.

Lýsi er þannig sannanlega bezti og ódýrasti fjörefnagjafi.
Laugavegs Apotek.“

Hinn 28. nóvember s. l. birtist í sama blaði eftirfarandi auglýsing:

„Hið viðurkennda Barnalýsi

frá

Laugavegs Apoteki

inniheldur í einu grammi:

2000 A bætiefnaeingar.

1000 D bætiefnaeiningar.

Nú er tími til þess að gefa börnunum þetta viðurkennda þorskalýsi.“

Kærði, sem er eigandi Laugavegs Apoteks, hefir játað að hafa sett framangreinda auglýsingu í fyrrgreint blað og er hann fyrir það sakaður um að hafa brotið gegn lögum þeim, er málshöfðunin tekur til samkvæmt framangreindu.

Það kemur þá fyrst til athugunar, hvort refsivert hafi verið af kærða að auglýsa þorskalýsi, vegna þess að það sé lyf.

Þorskalýsi er talið í lyfjaskrá og verð þess í lyfjabúðum miðað við notkun þess sem lyfs. Það þykir og verða að ganga út frá því sem fyrir liggur í málinu, að lýsi sé tíðast notað sem lyf, enda þótt það í sumum tilfellum, og þá helst í sambandi við önnur efni, sé notað frekar sem almenn fæða. Niðurstaðan um þetta kæruatríði verður því sú, að lýsi sé lyf, og hefir kærði því með því að auglýsa það brotið gegn 17. gr., sbr. 18. gr. 1. mgr. laga nr. 47, 1932.

Í framangreindum auglýsingum er skýrt frá því, hve mikið þorskalýsi það, er kærði hefir á boðstólum innihaldi af A og D fjörefnaeiningum. Undir rannsókn málsins hefir kærði skýrt svo frá, að hann hafi keypt það lýsi, sem hann hefir verzlað með, og auglýst af lýsissamlagi íslenzkra botnvörpunga, og byggir hann auglýsingar sínar um fjörefnainnihaldið á rannsókn, sem lýsissamlagið hefir látið fram fara á lýsinu. Forstjóri lýssamlagsins hefir skýrt svo frá, að kærði hafi keypt lýsi hjá samlaginu í lyfjabúð sína og hafi allt það lýsi verið rannsakað að fjör-

efnamagni af Statens Vitamin Laboratorium í Kaupmannahöfn. Niðurstöður af þessari rannsókn liggja fyrir í málinu, og með því að þær eru í samræmi við auglýsingar kærða og ekki er upplýst, að kærði hafi selt annað lýsi en það, sem rannsóknin tekur til, þá verður ekki talið, að umrædd auglýsing á fjörefnainnihaldinu varði við lög.

Auk framangreindra auglýsinga um þorskalýsið ber kærði í auglýsingum, einkum 26. nóvember mikið lof á það, þar á meðal með samanburði á því og fjörefnasmjörliki. En þótt kærði noti í þessu skyni nokkuð sterk orð, þá þykir ekki að áliti réttarins næg ástæða til sakfellingar samkvæmt 1. gr. l. 84, 1933.

Út af samanburði þeim, sem kærði samkvæmt framangreindu gerir á lýsi og fjörefnasmjörliki og fullyrðingum kærða um smjörlikið, hefir forstjóri h/f. Svanur, sem framleiðir svokallað vitaminsmjörliki krafizt þess að kærði verði látinn sæta ábyrgð fyrir auglýsingarnar, og verður því að athuga, hvort kærði hafi með ummælum um vöru þessa framleiðanda, brotið lög. Kærði hefir játað, að hann, er hann í auglýsingum sínum talar um fjörefnasmjörliki, eigi við smjörliki h/f. Svanur. Það er ekki véfengt, að kærði skýri rétt frá um A-vitamininnihald smjörlikisins, ef lagt er til grundvallar það, sem áður segir um A-vitamininnihald lýsisins, en hinsvegar heldur forstjóri h/f. Svanur því fram, að rangt sé hjá kærða, er hann segir, að smjörlikið innihaldi ekkert D-vitamin, og byggir hann þann framburð sinn á því, að hann beinlínis láti D-vitamin í smjörlikið, er hann býr það til. Forstjórinn kveður hinsvegar ekki ávallt samræmi milli þess, sem láti D-vitamin í smjörlikið, er hann býr það til. Forstjór-fjörefnainnihaldi þess fulllagaðs.

Rannsókn á D-fjörefnamagni smjörlikisins fulllagaðs kveður hann ekki hafa verið fyrir hendi, og því hafi hann ekki auglýst ákveðið um þetta atriði. Kærði kveðst hinsvegar hafa byggt fullyrðingar sínar um D-fjörefnaskort smjörlikisins á því, að h/f. Svanur hafi í auglýsingum sínum aðeins getið um A-fjörefni í smjörlikinu. Í málinu liggur fyrir skýrsla frá Statens Vitamin Laboratorium í Kaupmannahöfn um rannsókn á sýnishorni af hinu svokallaða vitaminsmjörliki, er h/f. Svanur framleiðir. Um D-fjör-

efnainnihald smjörlikisins segir í niðurstöðu þessarar rannsóknar að af tilraunum þeim, sem fram hafa farið, verði ekki ályktað, að smjörlikið innihaldi D-fjörefni. Þessi niðurstaða virðist vera hlutlaus, þannig, að hún útiloki ekki að D-fjörefni sé í smjörlikinu, og verður því eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja í málinu um þetta atriði, að telja það ósannað, hvort D-fjörefni séu í vitamin-smjörliki h/f. Svanur eða ekki. Með hliðsjón af því, að telja verður að löggjafinn hafi með setningu laga nr. 84, 1933, viljað veita atvinnufyrirtækjum aukna vernd fyrir rakalausum og óréttmætum árásum og ummælum, þá verður að lita svo á, að á kærða hvíli sönnunarbyrðin fyrir réttmæti umræddra fullyrðinga um D-fjörefnaskort smjörlikisins. Það verður og að lita svo á, að skilja beri 11. gr. fyrrgreindra laga þannig, að orðin „rangar sögusagnir“ taki eigi aðeins til sannanlega rangra ummæla, heldur einnig til ummæla, sem ósönnuð eru og söguberanum ekki tekst að færa rök að. Að þessu athuguðu með tilvísun til þess, að telja verður að þessi ummæli kærða séu til þess fallin, eins og þau eru sett fram, að spilla sölu a smjörliki h/f. Svanur, sem eftir því, sem liggur fyrir í málinu, hafi einn framleiðenda á tímabili því, sem hér kemur til greina, auglýst vitaminsmjörliki, þá þykir ekki verða hjá því komizt, að telja ummæli þessi varða við 11. gr. laga nr. 84, 1933.

Kærði hefir áður, svo kunnugt sé, sætt refsingu, sem nú skal greina:

- 1) 10. jan. 1923, dæmdur í hæstarétti í 150 króna sekt fyrir brot gegn 219. gr. hegningarlaganna.
- 2) 24. jan. s. á. í 100 króna sekt fyrir brot gegn 7. gr. l. nr. 88, 1917, um notkun bifreiða.

Refsing kærða fyrir framangreint brot þykir hæfilega ákveðin 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar þar á meðal 100 krónur í málsvarnarlaun til verjanda síns, hrm. Gústafs A. Sveinssonar.

Dráttur sá, er orðið hefir á máli þessu, stafar af annriki dómarans.